


Grunnskólinn á Ísafirði

VALGREINAR

2017-2018
8. - 10. bekkur



MUNDU AÐ VALIÐ ER BINDANDI

Námsval 8. - 10. bekkjar 2017-2018

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði næsta skólaár. Allir nemendur munu stunda nám í svokölluðum kjarna en gefst kostur á að velja aðrar námsgreinar. Þetta fyrirkomulag er eftir forskrift Aðalnámskrár grunnskóla og eykur möguleika nemenda á því að ráða meiru um hvaða námsgreinar þeir leggja stund á.

Í mörgum tilvikum þarf að setja nemendur úr öllum árgöngum í sama hópinn. Þó eru sumar valgreinar aðeins fyrir 9. og 10. bekk og eru þær merktar sérstaklega.

Mikilvægt er að nemendur vandi val sitt og skoði vel hvaða valgreinar eru í boði. Í mörgum tilvikum er hægt að ræða við þá kennara sem kenna umræddar greinar til að fá nánari upplýsingar. Nemendur geta einnig leitað ráða hjá umsjónarkennara sínum, námsráðgjafa eða deildarstjóra unglíngastígs ef um einhver vafaatriði er að ræða.

Að gefnu tilefni skal nemendum bent á að hver og einn á að velja sér þá leið í námi sem hann telur henta sér best. Ekki velja með það í huga að gera eins og besti vinurinn/vinkonan.

Val nemenda hefur að sjálfsögðu áhrif á skipulag komandi skólaárs og því verða breytingar á vali erfiðar eftir að skóli hefst á komandi hausti. Því biðjum við nemendur að íhuga val sitt vel.

Það skal tekið fram að stundum er ekki hægt að verða við öllum óskum nemenda varðandi valið, stundum fellur kennsla ákveðinna hópa niður ef of fáir velja, og sumar valgreinar eru kenndar samtímis. Þá verður að skoða hvaða grein getur komið í staðinn. Þess vegna eiga nemendur að merkja með tölustöfum þannig að nr.1 sé það fag sem þá langar helst til að fara í síðan nr. 2 o.s.frv.

Valblaði skal skila til umsjónarkennara (7. b) og ritara (8. og 9. b) í síðasta lagi **29. maí**. **Nemendur sem skila of seint eiga á hættu að fá ekki þær valgreinar sem þeir óska helst eftir.**

Námsgreinar nemenda í 8.-10. bekk munu skiptast í tvennt: kjarnagreinar og frjálst val. Kjarnagreinar standa saman af íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði, náttúrufræði, lífsleikni, sundi og íþróttum.

Frjálst val eru þær greinar sem nemandi velur af valblaðinu og þarf nemandi í 8. bekk að skila fimm stundum á viku í vali, en nemandi í 9. og 10. bekk þarf að skila sjö stundum á viku í vali. Stundum hittist svo á að valgreinar eru fleiri öðru hvoru megin við áramót þar sem flestar valgreinar eru kenndar hálfan veturinn.

ATH: Nemendur í 10. bekk hafa lokið þeim sundtímum sem skylt er að hafa á unglíngastigi. Þeir sem ekki náðu 10 stiginu eða vilja halda áfram að þjálfa sundið geta tekið það sem valgrein í einn tíma á viku.

bekkir	ísl	stæ	ens	dan	nátt	sam	lífs	uppl	íþr	sund	samt	val	samt
8.	6	6	4	4	3	3	1	1	2	2	32	5	37
9.	6	6	4	4	3	3	1	0	2	1	30	7	37
10.	6	6	4	4	3	3	1	0	3	0	30	7	37

Aðstoð við nemendur á yngsta stigi

Markmið:

- að nemendur geti aðstoðað yngri nemendur í námi sínu.
- að nemendur sýni öðrum virðingu og finni samhug með öðrum.

Námsþættir: úthlutað verður föstum tímum alltaf í sama bekknum.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Kennari: Kennari bekkjarins hefur yfirumsjón með starfinu.

Aðstoð í Dægradvöl

Markmið:

- Að nemendur aðstoði börnin í leik og starfi
- Að nemendur leiðbeini börnunum
- Að nemendur séu góðar fyrirmyndir

Námsþættir: Óformlegt nám

Kennslustundafjöldi: 1 stund í viku

Leiðbeinendur: Starfsmenn Dægradvalar, nemandi þarf að tilkynna sig við komu og kveðja þegar hann fer.

Dans

Markmið:

- að efla hreyfiþroska með aðstoð fjölbreytilegrar tónlistar
- að efla félagsþroska í gegnum snertingu og samvinnu

Námsþættir: Freestyle-dansar, þeir dansar sem eru í tísku hverju sinni og að semja dansa. Að auki munu nemendur sýna dansa við ýmis tækifæri.

Námsmat: Tækni 40% - tónlist 20% - verkefni 20% - lokapróf 20%

Námsgögn: Geisladiskar, dvd diskar og vídeómyndir

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Kennari: Eva Friðþjófsdóttir.

FabLab

Markmið: Nemendur læri að vinna með hugmyndir sínar og að nýta eigið frumkvæði og sköpun til að koma þeim í framkvæmd. Nemendur kynnist heildarferli þess að hanna og búa til eigin vöru. Nemendur nái tökum á grunnþáttum þeirra forrita og tækja sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape, þrívíddarprentun, vínlskera og laserskera, nemendur nái tökum á notkun þeirra og nýti þau til að búa til frumgerð söluvörunnar.

Námsþættir: Vinna í myndmennt, tölvuveri og stafrænni FabLab smiðju.

Kennslugögn: Af neti, pinterest(sjá möppu Hönnun og fablab) og tekin saman af kennara.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í FabLab í kennslustundum og í FabLab smiðju á opnunartíma smiðjunnar ef þess gerist þörf. Nemendur skila þremur verkefnum sem metin eru til einkunnar. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni sem og sjálfstæð vinnubrögð. Lokaverkefni að hanna og smíða húsgagn eða skrautmun,

Námsmat: Verkefni, sjálfsmat og jafningjamat.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Fatasaumur/bútasaumur

Markmið: •að nemendur læri

-að þekkja helstu vefjarefni og aðferð þeirra

-að taka upp snið úr tískublöðum, sníða og sauma flíkur

Kennsluaðferðir: Nemendur fá að velja hvort þeir fara í fatasaum eða bútasaum. Einstaklingsvinna með aðstoð kennara. Áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð og eigin útfærslu á verkefnum.

Námsmat: Vinnubrögð, ástundun og áhugi.

Verkefni: Fatasaumur: Nemendur sauma á sig flík eftir eigin útfærslu. Seinna verkefnið er ákveðið í samráði við kennara. Bútasaumur: nemendur kynnist helstu gerðum bútasaums og vinni nokkur smærri verkefni með ólíkum aðferðum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Forritun

Markmið:

- Kynnast forritun í gegnum mismunandi tungumál t.d Processing, Pure data & Python.
- að nemendur læri að nýta forritun sem skapandi verkfæri.
- að nemendur geti unnið sjálfstætt.
- að nemendur dýpki þekkingu sína innan eigin áhugasviðs.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri.

Kennslugögn: Af netinu

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í tölvuveri. Nemendur fá verkefni, eða búa til verkefni í samráði við kennara. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni sem og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat: Verkefni, sjálfsmat og jafningjamat.

Kennslustundafjöldi:

Kennari: Andri Pétur Þrastarson

Fornám ökunáms

Námskeiðið er ætlað 10. bekkjum sem undirbúningur til að hefja ökunám. Kennit verður á haustönn.

Markmið: Að gera nemendur meðvitaða um umferðarmál í víðum skilningi þess hugtaks. Stefnt er á að gera nemendur betur í stakk búna að hefja ökunám og að þeir verði betri ökumenn framtíðarinnar.

Námsþættir: Farið verður yfir þætti er varða umferð og umferðarmenningu, slysa og afleiðingar hraðaksturs, tryggingar og búnað ökutækja. Athugaður verður kostnaður við rekstur ökutækja. Farið verður yfir umferðarmerki og umferðarlög.

Kennslugögn: Myndbönd (um umferð og afleiðingar slysa). Kennsludiskar og umferðarpróf á heimasíðum Umferðarstofu og tryggingarfélaga. Kennsluefni úr ýmsum áttum t.d. frá Ökukennarafélagi Íslands

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum 30%, ýmis verkefni 40%, stuttar kannanir 30%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Auður Yngvadóttir

GPS e. DIY

Gerðu það sjálfur eða do it yourself

Markmið:

- að nemendur læri að nýti sér netmiðla sem kennslugagn.
- að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun þegar aflað er upplýsinga á netinu.
- að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð.
- að nemendur kynni sér sögu og hugmyndafræði að baki DIY.
- Að nemendur læri að gera sitt eigið DIY kennslumyndband.

Námsþættir: Læsi margvíslegra upplýsinga, framsetning upplýsinga, heimspeki, saga, kvikmyndagerð, tækni, handverk og netlæsi.

Kennslugögn: Netmiðlar, bækur og ýmis efni.

Námsmat: Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni og vinnubrögð gilda 60%, ástundun og áhugi 20% og frumkvæði og frágangur 20%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Hárgreiðsla

Markmið:

- að nemendur kynnist umhirðu hárs, bygging hárs, þh gildi og umhirðu hárs.
- að nemendur þjálfist í að blása, slétta, krulla og flétta með nokkrum lokkum (notast við æfinga-hausa)
- að nemendur þjálfist í verklegri vinnu á hort öðru s.s. hárfvotti, blása, slétta, krulla, fletta, gera snúða og geri ýmsar hárgreiðslur í hvort annað.
- Kynnist tískusveiflum í hárgreiðslu síðustu ára, skoðað í bókum og á interneti.

Mikilvægt er að nemandi sé tilbúin að leyfa öðrum að meðhöndla hár sitt (greiða, flétta o.s.f.v.) því er ekki gott að vera hársár J

Kennslugögn: Hvers konar áhöld sem tilheyra hárgreiðslu

Námsmat: Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni og vinnubrögð gilda 60%, ástundun og áhugi 20% og frumkvæði og frágangur 20%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Kristín Berglind Oddsdóttir

Heimilisfræði

Yfirmarkmið eða rauður þráður í gegnum tímabilið er verkleg þjálfun sem leiðir til þess að nemendur verði sjálfbjarga þegar kemur að matreiðslu, bakstri og öðru því sem fylgir eldhúsverkum á heimilum.

Önnur markmið: Að nemendur:

- geti skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með áherslu á hagkvæmni og nýtni.
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum með áherslu á snyrtimennsku, frumkvæði og skipulag.
- geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.
- að nemendur fái tækifæri til þess að þroska eigin sköpunarhæfni
- læri að beita helstu matreiðsluaðferðum.
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við gott heilsufar og séu meðvitaðir um eigin ábyrgð í þeim málum.
- auki þekkingu sína um sjálfbærni, læri að setja viðfangsefnin í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður, jafnrétti, lýðræði, hreinleiki) og átti sig á uppruna helstu matvæla.
- geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum heimilishalds, læri að meta útlit og gæði matvæla og geti útskýrt hvernig á að geyma þau.

Námsþættir: Að mestu leyti verkleg kennsla en fræðsla og umræður um ýmislegt, sem fellur undir markmiðin hér að ofan, samhliða.

Fjölbreytt verkefni – bakstur og matreiðsla. Íslenskur, einfaldur heimilismatur í bland við flóknari rétti frá framandi löndum.

Nemendur bjóða til veislu.

Eitt stórt stykki sem tekið er með heim, piparkökuhús á haustönn, sykurmassakaka á vorönn.

Kennslugögn: Fróðleikur úr ýmsum áttum. Uppskriftir að mestu úr safni kennara.

Námsmat: Frammistaða metin í hverjum tíma. Samanburður á hæfni nemenda miðað við markmið – yfirfarið í lok tímabils. Heildareinkunn gefin í bókstöfum.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn en tuttugu mínútum bætt við annað hvert skipti. Vegna þessa fyrirkomulags styttist tímabilið í lokin sem nemur uppsöfnuðum auka mínútum.

Kennari: Guðlaug Jónsdóttir.

Leiklist haust

Frumskýning 1. desember, önnur sýning 2. desember

Markmið: Að setja upp sýningu fyrir fullveldishátíð skólans.

Námsþættir: Í engri sérstakri röð: Leikhústækni, framsögn, hreyfing, tjáning, þolinmæði, áræðni, þrautsegja, samvinna, sjálfsstyrking, tjáningarþor, leikmyndargerð, leikmunagerð, búningahönnun og svo ótal margt fleira.

Kennslustundafjöldi: Vegna eðlis valgreinarinnar er ekki hægt að dreifa álaginu jafnt yfir önnina eins og í flestum öðrum greinum. Vinnan hefst ekki fyrr en um miðjan september og byrjar smátt, þegar líður frumsýningu verður mikið álag á þátttakendum og fer mikill tími í æfingar og annað í undirbúningi sýningarinnar. **Mikilvægt að nemendur skuldbindi sig verkefninu.**

Líklega verður tímaramminn eitthvað í þessa veru:

2 kennslustundir á viku frá 14. september -9. október

4 kennslustundir á viku 12. – 30. október

3-4 kennslustundir þrisvar sinnum í viku 2. – 20. nóvember

5-7 klukkustundir á dag, alla daga 22. – 28. nóvember

Alls eru þetta um það bil 80 klukkustundir sem er algjört lágmarks vinnuframlag hvers og eins þegar setja á upp stórkostlega sýningu.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Líkamsrækt og þjálfun

Þetta val er aðeins fyrir nemendur sem ekki æfa neinar íþróttir

Markmið: Nemendur fari í fjölbreyttar líkamsræktartegundir ásamt því að ræða um matarræði og heilbrigðan lífsstíl.

Námsþættir: Flestar tegundir líkamsræktar sem hægt er að stunda hér í bæjarfélaginu ásamt útivist og hreyfingu.

Kennslugögn: Nauðsynlegt er að nemendur hafi fatnað við hæfi hvers tíma og aðgang að reiðhjóli.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Kennari: Íþróttakennarar

Ljósmyndun

Þeir sem velja ljósmyndun verða að koma sjálfir með stafræna myndavél.

Markmið: Nemendur læri um undirstöðu ljósmyndunar, ljósop, hraða, dýptarskerpu, ljósmyndasaga, o.fl. og geti unnið myndir í einföldum forritum.

Námsþættir: Notkun myndavélar, myndvinnsla í tölvum, uppbygging myndefnis, ljósmyndasaga.

Kennslugögn: Stafræn ljósmyndun-nemendaefni 2007, eftir Karl Jeppesen og Marteín Sigurgeirsson, efni af netinu.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Makey-makey

Markmið: Nemendur læri að nota Makey makey til að stýra tölvuleikjum, hljóðfærum og lyklaborði. Nemendur kynnist forritun og rafmagnsfræði sem nýtist í skapandi vinnu með Makey makey. Nemendur nái tökum á blocks forritun fyrir Makey makey og læri að þekkja leiðni mismunandi efniviða. Nemendur kynnist síðum á borð við Sparksfun, Instructables, Scratch og nái tökum á notkun þeirra og nýti þær sér til gagns.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri og myndmennt.

Kennslugögn: Af neti, makeymakey.com og tekin saman af kennara.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna með Makey makey box, tölvu og ýmsan efnivið. Nemendur vinna fjögur verkefni sem metin eru til einkunnar. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni sem og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat: Verkefni, sjálfsmat og jafningjamat.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Myndmennt

Markmið:

- að nemendur kunni skil á mismunandi aðferðum við teiknun, skyggingu og fjarvídd
- að nemendur kunni rétta meðferð mismunandi lita og málningar
- að nemendur þekki til vestrænnar nútímalistar og einnig íslenskrar
- að nemendur þjálfist í að skoða og tala um myndlist
- að nemendur temji sér sjálfstæð, góð og frumleg vinnubrögð.
- að nemendur finni sér í samráði við kennarann þær aðferðir og þá tækni sem hentar þeim best til þess að koma hugmyndum sínum á framfæri.
- að nemendur sæki söfn og sýningar þar sem því verður við komið.
- að nemendur geti greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat.
- að nemendur geti rýnt í eigin verk og annarra á gagnrýninn hátt.

Námsþættir: Línuteikning, hlutateikning, þrívídd, fjarvídd, skygging, portrett, módel, uppstilling, málun með mismunandi litum, stuttar listasögukynningar og athugun á málverkum. Hugmyndavinna, umræður, og skissugerð.

Kennslugögn: Hvers ýmiskonar efni, bækur, og tölvur

Námsmat: Lokaeinkunn byggist á símati þar sem verkefni og vinnubrögð gilda 60%, ástundun og áhugi 20% og frumkvæði og frágangur 20%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir

Námsaðstoð

Námsþættir: Aukatími fyrir þá sem þurfa meiri hjálp og tíma til að vinna í stærðfræði. Valið kemur inn á stundatöflu og er mætingaskylda eins og í aðrar greinar.

Námsmat: Ástundun og vinnubrögð verða metin til einkunnar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn.

Kennari: Halla Magnadóttir

Næringarfræði

Markmið: Auka grunnþekkingu nemenda í næringarfræði.

Námsþættir: Orkuefnin, bætiefni og matardagbækur

Námsmat: Verkefni 60%, próf 40%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Atli Freyr Rúnarsson

Þrjón og hönnun

Markmið: að nemendur

- geti fylgt uppskrift og jafnvel breytt eftir eigin hugmyndum
- læri að þekkja muninn á ullar/bómullargarni og garni úr gerviefnum

Kennsluaðferðir: Nemendur velja það verkefni sem þeir vilja gera með aðstoð kennara.

Námsmat: Vinnubrögð, vandvirkni og ástundun.

Verkefni: Ýmis verkefni eru í boði; lopapeysur, barnapeysur, vettlingar, húfur osfrv.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Smáskipanám

Eingöngu ætlað nemendum í 10.bekk. Námskeiðið er kennt í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og fer kennslan fram þar. Kennt er samkvæmt skipulagi framhaldsskóla og því er 80% mætingarskylda í þessa tíma.

Markmið:

- að nemendur læri siglingarfræði og siglingarreglur
- að nemendur læri að nota sjókort, kompás, klukku, vegmæli, dýptarmæli og flóðatöflu.

Kennslugögn: Sjókort, sirkill, gráðubogi

Námsmat: Prófdómari kemur með próf sem er samræmt um allt land. Standist nemendur próf að vori í þessari grein gefur það þeim réttindi til skipstjórnar á skemmtibátum, allt að 12 metra löngum, að loknum tilskildum siglingartíma.

Kennslustundafjöldi: 3 stundir á viku allan veturinn.

Kennari: kennt í Fræðslumiðstöð Vestfjarða

Skák

Markmið: Að nemendur kynnist reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum.

Námsefni: Ýmis gögn frá kennara

Námsmat: Ástundun og framfarir.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku hálfan veturinn.

Kennari: Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Skólahreysti

Markmið:

- að nemendur setji sér markmið og undirbúi þjálfun sem miðar að því.
- að nemendur taki ábyrgð á eigin þjálfun.
- að nemendur læri um upphitun, þol, kraft og hreyfifroska.

Lýsing: Þessi valgrein er hugsuð fyrir þá nemendur sem hafa hug á að keppa í skólahreysti næsta vetur. Í desember verður valið hverjir þjálf sig áfram fyrir skólakeppnina. Þeir munu halda áfram í Skólahreystivali eftir áramótin. Ef svo fer að Grunnskólinn á Ísafirði fer aftur til Reykjavíkur í aðalkeppnina munu nemendur þurfa að sýna fram á góða ástundun og mætingar í skólanum til að fá að fara fyrir hönd skólans.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku allan veturinn

Kennari: Íþróttakennarar

Spilað á gítar

Markmið: Nemendur læri gítarhljóma og nöfn þeirra, geti spilað lög sem þeim líkar og læri að stilla og hugsa um gítarinn. Þeir sem treysta sér til geta æft söng með gítarkennslunni.

Námsefni: Nemendur þurfa sjálfir að koma með kassagítar.

Fyrirkomulag kennslu: Hópakennsla

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku allan veturinn.

Kennari: Andri Pétur Þrastarson

Spænska

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Kennd verða undirstöðuatriðin.

Markmið:

- að nemendur fái nokkra innsýn í tungumálið, grunnatriði í málfræði og helstu framburðarreglur
- að nemendur geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og nánasta umhverfi
- að nemendur geti spurt einfaldra spurninga
- að nemendur kunni tölur frá 1-100
- að nemendur kunni vikudagana
- að nemendur eigi auðveldara með að ákveða hvort þeir vilja kynna sér þetta tungumál betur í framhaldsskóla.

Kenningugögn: Útbúin af kennara

Námsmat: Mæting og ástundum 50%, próf 50%

Kenningustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Herdís Hübner

Stofnun stjórnmálaflokks

Markmið: nemendur fá það verkefni að stofna stjórnmálaflokk/samtök/hreyfing frá grunni.

Námsþættir meðal annars:

- Hvers vegna stofna stjórnmálaflokk eða hreyfingu?
- Hver eiga baráttumálin að vera?
- Hvernig er best að koma stefnu flokksins á framfæri við kjósendur?
- Til hvers ætlar flokkurinn að höfða til sérstaklega? Ungs fólks?
- Hvaða reglur eiga að gilda um innra starf flokksins. Á að vera formaður? Hvernig á að kjósa hann?

Kenningugögn: námsgögn frá kennara.

Kenningufjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn

Kennari: Guðlaugur Viðar Valdimarsson

Sund

Einungis ætlað nemendum í 10. bekk

Markmið: Fyrir nemendur í 10 bekk sem hafa ekki náð 10 stiginu í sundi eða vilja aukna þjálfun í sundi.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn

Kennari: Íþróttakennarar

Tónlistarnám

Fullt nám við Tónlistarskólann á Ísafirði og Listaskóla Rögnvaldar getur komið í stað tveggja stunda vals allan veturinn.

Trésmíði

Markmið: að gefa nemendum tækifæri á að byggja ofan á þá þekkingu sem þeir hafa fengið í yngri bekkjum.

Námsþættir: Nemendur hanna og teikna vinnuteikningar til að útskýra hvað þeir ætla að gera og málsetja teikningar svo kennari sjái hversu stór hluturinn er. Nemendur fá aðstoð kennara við að koma hugmyndum sínum í verk. Stærð verkefna miðast við það fjármagn sem kennari hefur úr að spila vegna efniskaupa.

Námsmat: Vinnubrögð, framkoma, sjálfstæði og virkni vege 10% hvert, verkefni 60%.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Marta Sif Ólafsdóttir

Tölvuval

Markmið:

- að nemendur læri að nota algengustu forrit (s.s. * Word; Power point, Publisher, movie maker o.s. frv) til verkefnagerðar.
- að nemendur læri að nota Google classroom og koma frá sér upplýsingum, skrá niðurstöður og skila verkefnum á skilmerkilegan hátt.
- að nemendur nýti sköpunargáfu sína til útfærslu á verkefnum
- að nemendur geti unnið sjálfstætt.
- að nemendur tileinki sér gagnrýna hugsun í upplýsingaöflun af neti.
- að nemendur dýpki þekkingu sína innan eigin áhugasviðs.

*Þessi forrit eru lík öðrum svipuðum forritum (svo sem prezi og keynote).

Markmiðið er að miðla upplýsingum.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri.

Kennslugögn: Af neti og bókasafni.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í tölvuveri. Nemendur skila verkefnum sem metin eru til einkunnar. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni sem og sjálfstæð vinnubrögð.

Námsmat: Verkefni, sjálfsmat og jafningjamat.

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Elín Þóra Friðfinnsdóttir

Tæknilegó

Markmið:

- að vekja eða auka áhuga nemenda á vísindum og tækni.
- að þjálfast í grunnforritun
- að þjálfast í vinnu rannsóknarverkefna
- að þjálfast nemendur í samvinnu

Hópnun er skipt í nokkra minni hópa og hver hópur vinnur ákveðinn hluta stóra verkefnisins. Allir hjálpast að við að byggja þrautabrautina.

Unnið er að

- smíði á vélmenni úr tölvustýrðu Lego
- forritun vélmennisins
- rannsóknarverkefni um ákveðið efni
- dagbók
- skemmtiatriði

Stefnt er að því að taka þátt í keppni í Reykjavík þar sem allir þessir þættir þurfa að vera.

Námsmat:

Lykilhæfniþættir sem metnir verða eru:

- ábyrgð
- þrautseigja
- frumkvæði og áræðni
- samskipti og samstarf
- námsvitund
- tjáning

Kennari: Jón Hálfván Pétursson

Tækniráð

Markmið: Að nemendur læri helstu þætti ljósa- og hljóðvinnu.

Námsefni: Ýmsar handbækur, ásamt þeim tækjum sem til eru í skóla og félagsmiðstöð.

Námsmat: Vinna og áhugi í tímum, ásamt sjálfstæði í vinnubrögðum bæði í tímum og á viðburðum skóla og félagsmiðstöðvar.

Kennslustundafjöldi: 1 stund á viku allan veturinn. Gert er ráð fyrir að þessir nemendur sjái um tæknimál á viðburðum skólans.

Kennari: Eva Friðþjófsdóttir

Þýska

Einungis ætlað nemendum í 9. og 10. bekk

Kennd verða undirstöðuatriðin.

Markmið:

- að nemendur fái nokkra innsýn í tungumálið, grunnatriði í málfræði og helstu framburðarreglur
- að nemendur geti sagt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og nánasta umhverfi
- að nemendur geti spurt einfaldra spurninga
- að nemendur kunni tölur frá 1-100
- að nemendur kunni vikudagana

- að nemendur eigi auðveldara með að ákveða hvort þeir vilja kynna sér þetta tungumál betur í framhaldsskóla.

Kennslugögn: Útbúin af kennara

Námsmat: Mæting og ástundum 50%, próf 50%

Kennslustundafjöldi: 2 stundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Herdís Hübner